

Sp. 380. Tillaga til þingsályktunar [156. mál]

um greiðslu bátagjaldeyrishlunninda til sjómanna í Vestmannaeyjum.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að vinna að því á þann hátt, er hún telur hagkvæmast, að gera útvegsmönnum í Vestmannaeyjum fært að inna af hendi greiðslur til sjómanna vegna vangoldinna bátagjaldeyrishlunninda fyrir árin 1952 og 1953.

Greinargerð.

Við afgreiðslu fjárlaga bar ég fram tillögu við 22. gr. frv. um, að ráðherra heimilaðist að lána eða ábyrgjast lán til útvegsmanna í framangreindu skyni, en sú tillaga náði ekki samþykki þingsins.

Þetta mál er þó þar með eigi úr sögunni, því að sjómenn í Vestmannaeyjum eiga sinn rétt og munu fast eftir ganga að fá honum fullnægt. Virðist mér sanngjarnt, að ríkisstjórnin leggi stétt útvegsmanna nokkurt lið í þessu efni, og því ber ég fram þessa till. til þál.

Verður málið nánar rakið í framsögu.

Hjálagt bréf útvegsmanna í Vestmannaeyjum til L. Í. Ú. skýrir málavöxtu, og er það því prentað hér sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

ÚTVEGSBÆNDAFÉLAG VESTMANNAEYJA, VESTMANNAEYJUM.

Reykjavík, 27. okt. 1955.

Eins og yður mun kunnugt og staðfest hefur verið við okkur í viðtali í dag af hr. skrifstofustjóra Gunnlaugi Briem, þá var til þess ætlað með reglugerð um innflutningsréttindi bátaútvegsins, að tekjur af þessum réttindum rynnu óskertar til útvegsmanna.

Vestmannaeyingar hafa um langan aldur haft sérstök ákvæði í sínum samningum milli sjómanna og útgerðarmanna, þar sem ákveðið er, að sjómennirnir eigi þriðja hvern fisk, sem aflast, og það, sem endanlega fyrir hann fæst. Á grundvelli þessara ákvæða lögsóttu sjómenn í Vestmannaeyjum útgerðarmennina og kröfðust síns hluta af tekjunum af innflutningsréttindum bátaútvegsins, og féll dómur í því máli fyrir hæstarétti þeim í vil vegna ársins 1951, þrátt fyrir það að þeim voru ekki ætlaðar þessar tekjur. Málssókn af hálfu sjómanna vegna árána 1952 og 1953 er einnig hafin, og hafa dómur fyrir undirrétti einnig fallið sjómönnum í vil. Þér hafið einnig tjáð oss, að álit lögfræðinga sé, að gersamlega sé þýðingarlaust að halda málunum áfram fyrir hæstarétti.

Það er því augljóst, að útgerðarmenn verða að gera upp við sjómenn sína fyrir öll árin 1951, 1952 og 1953 og afhenda þeim þar með hluta af þeim tekjum, sem ríkissjóður ætlaði útgerðinni einni.

Sem afleiðing af þessu verða útgerðarmenn í Vestmannaeyjum nú í haust að greiða sjómönnum sínum að fullu tildæmdan hluta þeirra af innflutningsréttindum bátaútvegsins, en hann mun nema samtals fyrir útgerðarmenn í Vestmannaeyjum fyrir árin 1952 og 1953 um 3.6 millj. kr.

Afkoma útvegsmanna í Vestmannaeyjum hefur á undanförunum árum farið síversnandi, sérstaklega vegna hækkaðs útgerðarkostnaðar (veiðar með nylonnetum), og þar að auki stóðum við í löngu verkfalli á s.l. vertíð, eða til 18. febr., og með þá gerðum samningum urðu útgerðarmenn í Vestmannaeyjum að greiða hærra fiskverð en útgerðarmenn við Faxaflóa og annars staðar á landinu og þar að auki að taka á sig kostnað vegna slægingar á fiski, en þetta gerir það að verkum, að útgerðarmenn í Vestmannaeyjum urðu á síðustu vertíð að greiða til sjómanna um 6 aurum hærra verð fyrir kílóíð af fiskinum en útgerðarmenn annars staðar á landinu.

Þá skal enn fremur á það bent, að aflinn í Vestmannaeyjum berst á land yfir mjög stuttan tíma, sem orsakar það, að ekki er hægt að framleiða eins góða vöru og í verstöðvum, þar sem aflinn berst jafnara á land og um lengri tíma, og hefur þetta í för með sér lægra fiskverð og minni tekjur af innflutningsréttindunum en hjá þeim, sem betri aðstöðu hafa.

Það er fyrirsjáanlegt, að útgerðarmenn í Vestmannaeyjum geta ekki innt af hendi þessar greiðslur til sjómanna nema með mjög fáum undantekningum, nema aðstoð komi til.

Við leyfum okkur því að mælast til þess við L. Í. Ú., að það komi á framfæri þeim tilmælum við hæstvirta ríkisstjórn, að hún veiti útgerðarmönnum í Vestmannaeyjum fjárhagslegan styrk til þess að forðast stöðvun meginþorra bátanna á komandi vertíð, þar sem forustumenn sjómannasamtakanna hafa lýst því yfir, að þeir bátar, sem ekki hafa að fullu gert upp við sína sjómenn hluta þeirra af innflutningsréttindum bátaútvegsins árið 1952 og 1953, fái ekki skráningu á komandi vertíð.

Virðingarfyllt,

f. h. Útvegsbændafélags Vestmannaeyja,

Björn Guðmundsson,
Július Ingibergsson,
Guðjón Scheving.

Til Landsambands ísl. útvegsmanna, Reykjavík.